

**3199. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
15. desember 2016 og hófst hann kl. 08:15**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfofsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg
Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg
Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfofsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og
fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfofsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**
37. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 6. desember 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **1602246 - Fundargerðir 2016 - SSV**
127. fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 23. nóvember
2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. **1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**
6. mál um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins)
*Bæjarráð fagnar frumvarpinu og felur bæjarstjóra að veita umsögn í samræmi
við umræður á fundinum.*
4. **1512118 - Langtímaveikindi starfsmanna 2016 - ráðstöfun fjármuna
(veikindapottur)**
Ráðstöfun fjármuna vegna langtímaveikinda starfsmanna Akraneskaupstaðar.
*Bæjarráðs samþykkir úthlutun úr veikindapotti vegna kostnaðar stofnana við
afleysingu sem er tilkomin vegna veikindaforfalla starfsmanna.*
*Ráðstöfun fjármuna vegna þessa verður afgreitt með gerð viðauka en umsóknir
eru 18,7 mkr. umfram áætlaða fjárhæð í fjárhagsáætlun.*
5. **1601415 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2016**
Níu mánaða uppgjör Akraneskaupstaðar frá 1. janúar til 30. september 2016.
Þorgeir Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Sigmundur
Ámundason deildarstjóri bókhaldsdeildar taka sæti á fundinum undir þessum lið.
Lagt fram.



6. 1606133 - Vesturgata 102 - sala

Tilboð í eignina við Vesturgötu 102.
Gögn lögð fram á fundinum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera gagntilboð í samræmi við umræður á fundinum.

Ingibjörg Valdimarsdóttir víkur af fundi og tekur ekki þátt í afgreiðslu fundarliða nr. 7 til og með nr. 15.

7. 1612055 - Hestamannafélagið Dreyri - Reiðhöll/skemma

Erindi Hestamannafélagsins Dreyra þar sem óskað er eftir kostnaðarpátttöku Akraneskaupstaðar í byggingu reiðhallar/skemmu.

Bæjarráð vísar til samþykkrar fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017 en samkvæmt henni er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu frá Akraneskaupstað vegna byggingar reiðhallar.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og umhverfisráðs vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar vegna ársins 2018 og þriggja ára áætlunar 2019-2021.

8. 1612057 - Sundfélag Akraness - bygging sundlaugar

Ályktun Sundfélags Akraness vegna frestunar á byggingu nýrrar sundlaugar.

Bæjarráð vísar til samþykkrar fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017 en samkvæmt henni er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu frá Akraneskaupstað vegna byggingar nýrrar sundlaugar.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og umhverfisráðs vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar vegna ársins 2018 og þriggja ára áætlunar 2019-2021.

9. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Erindi starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir greinargerðina og felur hópnum að starfa áfram til 1. júlí 2017.

10. 1611101 - Húsfélagabjónustan - samningur um þrif 2016 - 2017

Erindi velferðar- og mannréttindaráðs um tilboð Húsfélagabjónustunnar um áframhaldandi samstarf og samning.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samning við Húsfélagabjónustuna en gert hefur verið ráð fyrir útgjöldunum í samþykktri fjárhagsáætlun 2017.

11. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á fundi sínum þann 14. desember síðastliðinn og vísar þeim til samþykktar í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir reglurnar og vísar þeim til bæjarstjórnar til staðfestingar.

12. 1612039 - Proskahjálpar - húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki

Bréf Proskahjálpar þar sem vakin er athygli stjórnenda sveitarfélaga á að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákvarðanir um veitingu stofnframlaga samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda.

Bæjarráð vísar erindinu til velferðar- og mannréttindaráðs.

13. 1612054 - Lög um persónuvernd og net- og upplýsingaöryggi

Upplýsingar Sambandsins vegna nýrra laga um persónuvernd, net- og upplýsingaöryggi sem innleidd verða í íslensk lög á næstu misserum.

Erindið lagt fram.

14. 1606142 - Gamla Kaupfélagið - lengri opnunartími

Umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Vesturlandi vegna umsóknar Veislur og Viðburðir ehf. um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna lengri opnunartíma á annan í jólum (26. desember 2016) og á nýársnótt (1. janúar 2017).

Ingibjörg Pálmadóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir umsókn Gamla kaupfélagsins um lengri opnunartíma þann 27. desember nk. til kl. 03:00 og þann 1. janúar nk. til kl. 04:00.

15. 1611151 - Olís þjónustustöð Esjubraut 45 - rekstrarleyfi

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar á umsókn Olíuverslunar Íslands um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I að Esjubraut 45.

Bæjarráð veitir jákvæða umsögn um beiðni Olís um rekstrarleyfi vegna þjónustustöðvar við Esjubraut 45 á Akranesi. Umsögn bæjarráðs er veitt með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu byggingarfulltrúa og slökkviliðstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

*(Ingibjörg Valdimarsd.)
Ingibjörg Valdimarsd.
Valdís Egiólfssdóttir
Vilhjörtur Guðbjartsd.
Regína Arnalds dóttir
Sævar Hilólfsson
Ingibjörg Pálmadóttir*